

Ómar Þ Björgólfsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Lyngási 12
700 Egilsstaðir



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. september 2014
Tilvísun: UST20140900004/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028. Eyvindará II.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 1. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 - 2028. Eyvindará II.

Markmið breytingartillögunnar er að breyta skilmálum um mannvirki vegna ferðaþjónustu að Eyvindará II. Í gildandi aðalskipulagi kemur fram að á jörðinni sé ferðaþjónusta með gistingu í smáhýsum. Í deiliskipulagi sem staðfest var 2008 er einnig gert ráð fyrir gistingu í gistihúsi. Með ofangreindri aðalskipulagsbreytingu er verið að samræma aðal- og deiliskipulagsstigin.


Náttúrulegir birkiskógar


Það kemur ekki fram í ofangreindri lýsingu hvort áætlanir séu um frekari mannvirki vegna ferðaþjónustu. En þar sem náttúrulegur birkiskógur eru á svæðinu norðan Egilsstaða vill Umhverfisstofnun benda á að eitt af markmiðum íslenskra stjórnvalda skv. ritinu Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, er: *Að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.* Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að framkvæmdum verði hagað þannig að þau skerði ekki náttúrulegan birkiskóg.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í væntanlegu deiliskipulagi komi skýrt fram áætlanir um fráveitu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri